| Ölvunarakstur | 101 | 28 | 27.7 | 0 | 0.0 | 0 | 0.0 | 73 | 72.3 | | |
| Önnur sérrefsilög | 7 | 2 | 28.6 | 4 | 57.1 | 0 | 0.0 | 1 | 14.3 | | |
| Alls | 1019 | 390 | 38.3 | 208 | 20.4 | 31 | 3.0 | 390 | 38.3 | | |

Ákærðir

Alls sættu 2247 ákæru á árinu. Eftirfarandi er skipting ákærðra eftir kyni og aldri.

Kyn

| | Fjöldi | Hlutfall (%) |
|------|--------|--------------|
| Karl | 1959 | 87,2 |
| Kona | 288 | 12,8 |
| Alls | 2247 | 100,0 |

Aldur

| | Fjöldi | Hlutfall (%) |
|-----------------|--------|--------------|
| 15-19 ára | 363 | 16,2 |
| 20-24 ára | 528 | 23,6 |
| 25-29 ára | 310 | 13,8 |
| 30-34 ára | 226 | 10,1 |
| 35-39 ára | 219 | 9,8 |
| 40-44 ára | 184 | 8,2 |
| 45-49 ára | 152 | 6,8 |
| 50-54 ára | 103 | 4,6 |
| 55-59 ára | 75 | 3,3 |
| 60-69 ára | 61 | 2,7 |
| 70 ára og eldri | 21 | 0,9 |
| Vantar aldur | 5 | - |
| Alls | 2247 | 100,0 |

Aldur eftir kyni

| | Meðalaldur | Staðalfrávik | Miðgildi | Lægsta gildi | Hæsta gildi |
|------|------------|--------------|----------|--------------|-------------|
| Karl | 31,8 | 13,1 | 28 | 15 | 86 |
| Kona | 32,7 | 12,6 | 31 | 15 | 78 |
| Alls | 31,9 | 13,1 | 28 | 15 | 86 |

Hér að neðan er að finni yfirlit um ríkisfang þeirra sem sættu ákæru á árinu.

| | Fjöldi | Hlutfall (%) |
|--------------------|--------|--------------|
| Albanía | 2 | 0,09 |
| Angóla | 2 | 0,09 |
| Bosnía-Hersegóvína | 1 | 0,04 |
| Belgía | 2 | 0,09 |
| Hvíta-Rússland | 1 | 0,04 |
| Kanada | 2 | 0,09 |
| Kamerún | 1 | 0,04 |
| Kína | 1 | 0,04 |
| Grænhöfðæyjar | 2 | 0,09 |
| Þýskaland | 3 | 0,13 |
| Danmörk | 12 | 0,53 |
| Eþíópía | 1 | 0,04 |
| Finnland | 1 | 0,04 |
| Frakkland | 3 | 0,13 |
| Bretland | 8 | 0,36 |
| Hondúras | 2 | 0,09 |
| Krótía | 2 | 0,09 |
| Indland | 1 | 0,04 |
| Ísland | 2137 | 95,27 |
| Litháen | 6 | 0,27 |
| Lettland | 3 | 0,13 |
| Marokkó | 2 | 0,09 |
| Makedónía | 1 | 0,04 |
| Mexikó | 1 | 0,04 |
| Nígería | 2 | 0,09 |
| Holland | 2 | 0,09 |
| Nepal | 1 | 0,04 |
| Filippseyjar | 1 | 0,04 |
| Pólland | 14 | 0,62 |
| Portúgal | 3 | 0,13 |
| Rússland | 1 | 0,04 |
| Svíþjóð | 2 | 0,09 |
| Slóvakía | 1 | 0,04 |
| Sierra Leóné | 1 | 0,04 |
| Taíland | 1 | 0,04 |
| Úkraína | 1 | 0,04 |
| Bandaríkin | 13 | 0,58 |
| Víetnam | 2 | 0,09 |
| Júgóslavía | 1 | 0,04 |
| Vantar upplýsingar | 4 | - |
| Alls | 2247 | 100 |

Einstakir brotaflokkar

Hér að neðan er að finna yfirlit um afdrif mála er varða manndráp, stórfelldar líkamsmeiðingar, stórfelld fíkniefnalagabrot og kynferðisbrot, sem bárust ríkissaksóknara árið 2002, borið saman við þrjú næstu ár á undan. Það athugast að eitt mál kann að varða fleiri brot en eitt. Sömuleiðis kann ákæra að varða fleiri brot en eitt.

Manndráp (211. gr. hgl.)

| Alls | | | | | Áfrýjað | | | |
|------|------------|--------|---------------------|-----------------------|---------|---------------------|-----------------------|--------------------|
| | Niðurfellt | Ákært | Sýknað í héraðsdómi | Sakfelld í héraðsdómi | | Sýknað í Hæstarétti | Sakfelld í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti |
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 1999 | 1 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 |
| 2000 | 7 | 0 | 7 | 1 | 6 | 3 | 0 | 3 |
| 2001 | 2 | 0 | 2 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 |
| 2002 | 5 | 0 | 5 | 2 | 3 | 1 | 0 | 1 |
| Alls | 15 | 0 | 15 | 3 | 12 | 5 | 0 | 5 |

Af fimm manndrápsmálum sem bárust ríkissaksóknara árið 2002 var eitt tilraunarbrot. Í tveimur málum var sýknað vegna skorts á sakhæfi, en hin ákærðu dæmd til að sæta öryggisgæslu.

Líkamsárás (2. mgr. 218. gr. hgl.)

| Alls | | | | | Áfrýjað | | | |
|------|------------|--------|---------------------|-----------------------|---------|---------------------|-----------------------|--------------------|
| | Niðurfellt | Ákært | Sýknað í héraðsdómi | Sakfelld í héraðsdómi | | Sýknað í Hæstarétti | Sakfelld í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti |
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 1999 | 4 | 0 | 4 | 1 | 3 | 0 | 0 | 0 |
| 2000 | 15 | 0 | 15 | 2 | 12 | 2 | 0 | 2 |
| 2001 | 23 | 2 | 21 | 8 | 13 | 4 | 1 | 3 |
| 2002 | 32 | 2 | 30* | 4 | 24 | 3 | 1 | 0 |
| Alls | 74 | 4 | 70 | 15 | 52 | 9 | 1 | 5 |

* 2 ákætur ódæmdar

Málum sem varða alvarlegar líkamsmeiðingar hefur fjölgað jafnt og þétt á tímabilinu. Skráð líkamsárásarmál í málaskrá lögreglu á sama tíma eru:

| | 1. mgr. 217. gr. hgl. | 1. mgr. 218. gr. hgl. | 2. mgr. 218. gr. hgl. | Alls |
|------|-----------------------|-----------------------|-----------------------|------|
| 1999 | 1082 | 200 | 58 | 1340 |
| 2000 | 1134 | 238 | 59 | 1431 |
| 2001 | 1065 | 255 | 69 | 1389 |
| 2002 | 1085 | 147 | 38 | 1270 |

Samkvæmt þessum tölum hefur líkamsárásur, skráðum hjá lögreglu ekki fjölgað á árabílinu, þegar horft er til næst liðins árs.

Fíkniefnabrot (173. gr.a. hgl.)

| Alls | | | | | Áfrýjað | | | |
|------|------------|--------|---------------------|-----------------------|---------|---------------------|-----------------------|--------------------|
| | Niðurfellt | Ákært | Sýknað í héraðsdómi | Sakfellt í héraðsdómi | | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti |
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 1999 | 1 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 |
| 2000 | 6 | 0 | 6 | 0 | 6 | 4 | 0 | 4 |
| 2001 | 10 | 0 | 10 | 0 | 10 | 3 | 0 | 3 |
| 2002 | 4 | 0 | 4 | 0 | 4 | 1 | 0 | 1 |
| Alls | 21 | 0 | 21 | 0 | 21 | 8 | 0 | 8 |

Fjögur mál sem vörðuðu stórfelld fíkniefnalagabrot bárust embættinu árið 2002.

Kynferðisbrot (194.-198. gr. hgl.)

| Alls | | | | | Áfrýjað | | | |
|------|------------|--------|---------------------|-----------------------|---------|---------------------|-----------------------|--------------------|
| | Niðurfellt | Ákært | Sýknað í héraðsdómi | Sakfellt í héraðsdómi | | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti |
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 1999 | 26 | 19 | 7 | 3 | 4 | 2 | 0 | 2 |
| 2000 | 39 | 27 | 12 | 4 | 8 | 3 | 0 | 3 |
| 2001 | 29 | 18 | 11* | 5 | 6 | 4 | 0 | 2 |
| 2002 | 58 | 37 | 19 | 4 | 11 | 6 | 0 | 5 |
| Alls | 152 | 101 | 49 | 16 | 29 | 15 | 0 | 12 |

*1 ákæra afturkölluð

Málum í þessum flokki, einkum nauðgunarmálum, fjölgaði mjög árið 2002. Ákært var í 19 málum, dómur hefur ekki gengið í fjórum.

Kynferðisbrot (200.-202. gr. hgl.)

| Alls | | | | | Áfrýjað | | | |
|------|------------|--------|---------------------|-----------------------|---------|---------------------|-----------------------|--------------------|
| | Niðurfellt | Ákært | Sýknað í héraðsdómi | Sakfellt í héraðsdómi | | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti |
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 1999 | 30 | 15 | 15 | 1 | 14 | 4 | 0 | 4 |
| 2000 | 24 | 12 | 12 | 2 | 10 | 3 | 1 | 2 |
| 2001 | 49 | 21 | 28 | 10 | 15 | 12 | 1 | 8 |
| 2002 | 34 | 21 | 13 | 3 | 9 | 5 | 0 | 3 |
| Alls | 139 | 69 | 68 | 16 | 48 | 24 | 2 | 17 |

Á árinu bárust ríkissaksóknara 34 mál er vörðuðu kynferðisbrot gegn börnum. Ákært var í 13 málum

Einn sýknudómur héraðsdóms var ómerktur í Hæstarétti og vísað heim í hérað. Málið bíður nú dóms.

Sýknað var í um þriðjungu mála sem ákært var í vegna kynferðisbrota (194.-202. gr. hgl.).

Kynferðisbrot (210. gr. hgl.)

| Alls | | | Sýknað í | | Áfrýjað | Sýknað í | | Odæmt í | |
|------|------------|--------|------------|------------|---------|------------|------------|------------|--------|
| | Niðurfellt | Ákært | héraðsdómi | Sakfellt í | | Hæstarétti | Hæstarétti | Hæstarétti | |
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 1999 | 7 | 3 | 4 | 0 | 4 | 1 | 0 | 1 | 0 |
| 2000 | 7 | 1 | 6 | 0 | 6 | 1 | 0 | 1 | 0 |
| 2001 | 6 | 1 | 5 | 0 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 2002 | 9 | 2 | 7 | 0 | 1 | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Alls | 29 | 6 | 22 | 0 | 14 | 3 | 0 | 2 | 1 |

Vegna barnakláms var ákært í 2 málum árið 1999, 5 árið 2000, 3 árið 2001 og í 6 málum árið 2002. Enn er ódæmt í einu máli frá árinu 2002.

Sektarboð og sektargerðir

Útsend sektarboð lögreglustjóra vegna umferðarlagabrota voru í árslok skráð 42.194. Þar af höfðu 33.592 (79,6 %) verið greidd á árinu, en 5.556 (13,2 %) voru til dómsmeðferðar. Langflest sektarboð vörðuð hraðakstursbrot, eða 21.605*

Sektargerðir lögreglustjóra voru í árslok 2.845. Þar af höfðu 1.594 (56,0 %) verið greiddar á árinu, en 169 (5,9 %) gengið til dóms. Langflest málin vörðuð umferðarlagabrot, eða 2.575*, þar af vörðuð 765 mál ölvunarakstursbrot og í 380 málum hafði ökumaður reynst sviptur ökurétti. Þá hafði 316* minni háttar brotum á lögum um ávana- og fíkniefni verið lokið með lögreglustjórásáttum og 76* þjófnaðarmálum.

*) Sektarboð og sektargerð getur varðað fleiri en eitt brot

Tímalengd gæsluvarðhalds

Gæsluvarðhaldsúrskurðir uppkveðnir á árinu 2002 og fyrirkomulag gæsluvarðhaldsvistar.

| | |
|---------------------|------|
| Fjöldi úrskurða | 109 |
| Fjöldi einstaklinga | 97 |
| Dagar úrskurðaðir | 8321 |
| Dagar í gæslu | 7262 |

Í gæsluvarðhaldi sátu 19 einstaklingar 31/12 2002.

Fyrirkomulag, sbr. 1. mgr. 108. gr. laga nr. 19/1999:

| | Dagur | Meðaldagafjöldi | Lág. | Hám. |
|--------------------------------------|-------|-----------------|------|------|
| Án skilyrða skv. 1. mgr. 108. gr. *) | 5923 | 105,77 | 1 | 426 |
| b-liður 1. mgr. 108. gr. | 2 | 2,00 | 2 | 2 |
| bcd-liðir 1. mgr. 108. gr. | 426 | 10,14 | 1 | 41 |
| bcde-liðir 1. mgr. 108. gr. **) | 879 | 11,27 | 2 | 39 |
| cd-liðar 1. mgr. 108. gr. | 28 | 14,00 | 7 | 21 |
| cde-liðar 1. mgr. 108. gr. | 4 | 4,00 | 4 | 4 |
| Samtals | 7262 | | | |

*) Ekki um einangrun að ræða

**) Um algjöra einangrun er að ræða þegar beitt er b, c, d, og e-liðum saman, en einangrun að vissu marki þegar beitt er þremur eða færri liðum.

Kærðar ákvarðanir lögreglustjóra

Alls sættu 50 mál kæru til ríkissaksóknara þar sem lögreglustjóri hafði ákveðið að höfða ekki mál með vísan til 112. gr. eða 113. gr. laga um meðferð opinberra mála. Þar af staðfesti ríkissaksóknari ákvörðun lögreglustjóra í 43 málum, en felldi 6 úr gildi. Einu máli er enn ólokið.

Kæur samkvæmt 35. gr. lögreglulaga

Ríkissaksóknara barst 31 kæra á hendur starfsmönnum lögreglu fyrir ætluð refsiverð brot við framkvæmd starfa þeirra. Ákært var í einu máli, en um var að ræða meint tollalagabrot og brot í opinberu starfi. Rannsókn 12 mála var hætt samkvæmt 1. mgr. 76. gr. laga um meðferð opinberra mála, kærur var vísað frá í 9 málum á grundvelli sömu greinar, 8 mál voru felld niður á grundvelli 112 gr. sömu laga, en einu máli er ólokið.

3. Áfrýjunarmál

Áfrýjunarmál á árinu 2002 voru alls 73, sem er nokkur fjölgun frá allra síðustu árum. Af þessum málum var 62 áfrýjað að frumkvæði dómfelltra í héraði, en 11 málum var áfrýjað að frumkvæði ákærvalds.

Áfrýjað var 20 kynferðisbrotadómum, 10 dómum vegna fíkniefnabrota, 9 dómum fyrir auðgunarbrot, 9 vegna líkamsárása og 2 vegna fiskveiðibrota.

Af málunum ellefu sem áfrýjað var af ákærvaldsins hálfu var dæmd þynging í fimm málum, þremur var heimvísað til nýrrar meðferðar, en refsing þriggja héraðsdóma var staðfest.

Af 62 málum sem áfrýjað var af hinum dómfelldu voru 34 héraðsdómar staðfestir að niðurstöðu til, 10 voru þyngdir, 8 mildaðir, sýkna var dæmd í 5 málum og einu máli heimvísað til nýrrar meðferðar.

4. Dómsmeðferð mála

Hér gefur að líta annál mála sem ríkissaksóknari flutti fyrir dómi árið 2002, í héraði og fyrir Hæstarétti.

Manndráp og líkamsmeiðingar

Dómar féllu í þremur manndrápsmálum á árinu og lauk þeim öllum með sakfellingardómi í héraði. Hins vegar var sýknað af refsikröfu í tveimur málum vegna sakhæfisskorts, en ákærðu gert að sæta öruggri gæslu á viðeigandi stofnun með heimild í 62. gr. hgl.

M. 003-02-36. Á, 26 ára, var ákærður fyrir manndráp með því að hafa veist að manni og banað honum með mörgum hnífstungum í brjóstakassa, bak og háls og auk þess skorið hann margsinnis með hnífi í háls, höfuð og líkama og slegið hann mörg högg með hafnarboltakylfu í höfuð og líkama. Héraðsdómur Reykjavíkur taldi m.a. með vísan til þess sem læknisrannsókn hefði leitt í ljós um geðheilsu ákærða að hann hefði, vegna geðveiki verið alls ófær um að stjórna gerðum sínum þegar hann réð manningnum bana. Ákærði var því sýknaður af refsikröfu fyrir manndráp samkvæmt 15. gr. hgl. Talið var að réttaröryggi væri hætt ef ákærði fengi að ganga laus og var því fallist á varakröfu ákærvaldsins og ákærða gert að sæta öruggri gæslu á viðeigandi stofnun með heimild í 62. gr. hgl.

M. 003-02-163. Þ, 22 ára, var ákærður fyrir manndráp með því að hafa veist að manni og banað honum með því að slá hann margsinnis í höfuðið með kjötexi og slaghamri. Hann var sakfelldur fyrir brot gegn 211. gr. hgl. með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur og var refsing ákveðin 16 ára fangelsi.

M. 003-02-163. U, 38 ára, var ákærð fyrir manndráp með því að hafa þrengt að hálsi dóttur sinnar þar til hún lést. Héraðsdómur Reykjavíkur féllst á að háttsemi ákærðu varðaði við 211. gr. hgl, en talið var að ákærða hefði á verknaðarstundu verið alls ófær um að stjórna gerðum sínum. Samkvæmt því var ákærða sýknuð af refsikröfu fyrir manndráp, sbr. 15. gr. hgl. Með vísan til alvarleika þess verknaðar sem ákærða framdi og til alvarlegs sjúkdóms hennar var talið rétt í þágu réttaröryggis að verða við varakröfu ákæruvaldsins og var ákærðu gert að sæta öryggisgæslu samkvæmt 62. gr. hgl.

Maður var ákærður fyrir manndráp af gáleysi, með því að hafa hrist ungan dreng harkalega með þeim afleiðingum að hann lést. Með dómi héraðsdóms sem staðfestur var í Hæstarétti árið 2003 var ákærði sakfelldur fyrir brot gegn 215. gr. hgl. og dæmur til að sæta fangelsi í 18 mánuði.

Í einu máli var maður ákærður fyrir tilraun til manndráps með því að hafa veist með ofbeldi að fyrrum sambýliskonu sinni og m.a. skorið hana með hnífi í háls svo að slagæð og bláæð skárust í sundur.

Auk þess var ákært fyrir stórfelldar líkamsmeiðingar í 32 málum á árinu. Í flestum tilfellum var um að ræða mál þar sem hnífi eða eggvopnum var beitt. Þá var í nokkrum málum beitt glerflöskum eða glösum og í einu máli ók ákærði á brotþola sem hlaut ýmis minniháttar meiðsl. Í öðrum málum var um að ræða líkamsárásir sem alvarlegir áverkar hlutust af, s.s. heilablæðing, heymarskerðing og höfuðkúpabrot.

Fjögur mál voru flutt í Hæstarétti þar sem ákært var fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. hgl.

M. 003-2000-218. Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 18. apríl 2002 í málinu nr. 39/2002 var ákærði sýknaður af ákæru fyrir stórfellda líkamsárás með því að hafa slegið konu á skemmtistað í höfuðið með þeim afleiðingum að hún hlaut mikið heymartap. Ákærði hafði verið sakfelldur í héraði en Hæstiréttur taldi ekki í skilningi 46. gr. laga um meðferð opinberra mála nægilega sönnun hafa verið færða fyrir sekt ákærða.

M. 003-2001-113. Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 30. maí 2002 í málinu nr. 96/2002 var ákærða sakfelld fyrir líkamsárás með því að hafa stungið sambúðarmann sinn í síðu svo að af hlaust stungusár með talsverðri blæðingu og einnig í fótlegg svo að sauma þurfti sár saman. Ákærða hafði verið sýknuð í héraði en Hæstiréttur sakfelldi hana og ákvað refsingu fangelsi í 15 mánuði, þar af voru 12 mánuðir skilorðsbundnir.

M. 003-2001-106. Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 2. maí 2002 í málinu nr. 67/2002 var ákærði sem sætt hafði ákæru fyrir að kasta hnífi að manni sem elti hann í kjölfar árásar ákærða á annan mann, sýknaður fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. alm.hgl. Hæstiréttur taldi að ekki mætti álykta að ásetningur ákærða hefði staðið til að valda manningum meiðslum með því að kasta að honum hnífi, heldur hefði fyrst og fremst vakað fyrir honum að tefja eftirför mannsins. Ákærði var því sakfelldur fyrir brot gegn 4. mgr. 220. gr. hegningarlaga sem leggur refsingu við því að stofna lífi eða heilsu annarra í hættu.

M. 003-2001-79. Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 21. nóvember 2002 í málinu nr. 267/2002, var karlmaður sakfelldur fyrir að aka af ásetningi á annan mann, svo að hann kastaðist upp á vélarhlíf bifreiðarinnar og þaðan yfir bifreiðina og í götuna. Þar sem talið var að árás ákærða hefði í senn verið óskammfeilin og hættulegri aðferð beitt við framkvæmd hennar var fallist á heimfærslu ákærvaldsins til 2. mgr. 218. gr. hgl. Ákærði var auk þess sakfelldur fyrir tvö brot gegn 217. gr. hgl. og vopnalagabrot. Refsing var ákveðin fangelsi í 15 mánuði.

Þá flutti ríkissaksóknari nokkur mál fyrir Hæstarétti vegna brota gegn 1. mgr. 217. gr. og 1. mgr. 218. gr. hgl. í málum sem lögreglustjórar höfðu ákært í og flutt í héraði.

Ávana- og fíkniefnabrot

Þrjú dómur gengu í Hæstarétti á árinu vegna stórfelldra brota gegn lögum um ávana- og fíkniefni samkvæmt 173. gr. a. hgl.

M. 003-01-191. Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 2. maí 2002 í málinu nr. 28/2002 var K, austurrískur ríkisborgari, dæmdur til 9 ára fangelsisvistar fyrir vörslur á 67.485 MDMA töflur (9,6 kg), sem fundust undir fölskum botni í ferðatösku hans á Keflavíkurflugvelli, en K var þar staddur vegna millilendingar á leið frá Amsterdam til New York. Var lagt til grundvallar að K hefði tekið að sér gegn þóknun að flytja efnin til Bandaríkjanna fyrir aðra og þótti sannað að hann hefði vitað að efnin voru ætluð til sölu og dreifingar. Þótti brot hans varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga. Við ákvörðun refsingar K var litið til þess að einungis hefði verið leitt í ljós að K hefði verið flutningsmaður efnanna. Hins vegar þótti brot hans stórfellt, þar sem um var að ræða stórhættuleg fíkniefni í mjög miklum mæli. Með hliðsjón af fyrri dómum Hæstaréttar og forsendum héraðsdóms að öðru leyti þótti refsing K hæfilega ákveðin fangelsi 9 ár.

M. 003-01-119. Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 16. maí 2002 í málinu nr. 4/2002 var T íslenskur ríkisborgari dæmdur til 10 ára fangelsisvistar fyrir innflutning á 16.376 töflum og um 59 g af töflumulningi með fíkniefninu MDMA, rúmlega 200 g af kókaíni og rúmlega 8 kg af hassi. T játaði að hafa tekið við fíkniefnunum í Amsterdam og sent þau með pósti til Íslands en búið hafði verið um efnin í hátölurum og bassaboxi. T bar hins vegar að hann hefði talið að 12 kg af hassi væru í sendingunni en ekki önnur efni. Sannað var að T hafði átt frumkvæði að innflutningnum í hátalaraboxum og haft góða aðstöðu til að kanna hvers kyns efnin voru áður en hann flutti þau til landsins. Var því ekki fallist á þá fullyrðingu T, að til hafi staðið að flytja inn annað og vægara fíkniefni en flutt var inn í raun. Hæstiréttur féllst á forsendur refsiakvörðunar héraðsdóms að öðru leyti en því, að ekki þótti ástæða til þess að beita 2. málslíð 2. mgr. 77. gr. hegningarlaga í því skyni að fara út fyrir þann 10 ára refsiramma, sem við var að miða er T framdi brot sitt. Með hliðsjón af skilorðsrofi T, dómaframkvæmd og hinu mikla magni hættulegra fíkniefna, sem T flutti inn í ágóðaskyni, þótti refsing hans hæfilega ákveðin 10 ára fangelsi.

M. 003-01-215. G var sakfelldur fyrir tilraun til innflutnings á 4.000-5.000 töflum af fíkninefninu MDMA frá Hollandi og innflutning á 994,5 töflum af sama efninu, með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 28. nóvember 2002 í málinu nr. 285/2002. G játaði bæði brotin sem voru framin annars vegar meðan hann sat í gæsluvarðhaldi og beið dóms Hæstaréttar vegna fíkniefnainnflutnings og hins vegar er hann sat í fangelsi vegna þess máls. Ekki var fallist á að um ónothæfa tilraun hefði verið að ræða. Var niðurstaða héraðsdóms um sakfellingu G staðfest varðandi fyrra brotið og ekki hreyft við refsíákvörðun héraðsdómara um 5 ára fangelsi. Vísað var til þess að brotin hefðu verið stór í sniðum og sérlega harðsvírud. S og P, sem höfðu einnig verið ákærðir í málinu, voru hins vegar sýknaðir

Árið 2002 sætti 21 maður ákæru í 6 málum sem vörðuðu stórfelld brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni samkvæmt 173. gr. a. hgl. Í einu málanna var ákært fyrir tilraun til brots á 173. gr. a. hgl. Ákærðu var gert að sök að hafa staðið að innflutningi á um 10 kg af kannabis frá Hollandi með flutningaskipinu Mánafossi. Fíkniefnunum hafði verið varpað fyrir borð er skipið var við Engey og fundust fíkniefnin ekki í sjónum þrátt fyrir leitartilraunir ákærða. Í málinu var jafnframt ákært fyrir innflutning á um 10 kg af kannabis frá Hollandi með flutningaskipinu Goðafossi. Þrír menn voru ákærðir fyrir innflutning á 30 kg af kannabis frá Danmörku og voru þeir dæmdir til fangelsisvistar með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 7. nóvember 2002. Einn þeirra var dæmdur til 20 mánaða fangelsisvistar, annar til 2ja ára fangelsisvistar og sá þriðji til 3ja ára fangelsisvistar. Þá var þýskur karlmaður ákærður fyrir innflutning á 1.482,46 g af kókaíni og var hann dæmdur til 2ja ára fangelsisvistar með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 28. janúar 2003.

Kynferðisbrot

Alls voru 17 mál flutt á árinu sem vörðuðu kynferðisbrot gegn fullorðnum, ætluð brot samkvæmt 194.-197. gr. hgl.

Dómar féllu í sjö nauðgunarmálum á árinu 2002. Sakfellt var í fjórum málum, þar af lauk þremur með dómi Hæstaréttar þar sem héraðsdómur var staðfestur. Tveir menn voru sýknaðir af ákæru fyrir nauðgun í héraði og var þeim málum ekki áfrýjað. Í einu máli var ákært fyrir tilraun til nauðgunar ásamt öðrum brotum, héraðsdómur sakfelldi ákærða og heimfærði brot hans undir 195. gr. hgl, en dómnum var áfrýjað til Hæstaréttar og var ákærði sýknaður þar.

Tveir dómar féllu í málum varðandi ólögmetna nauðung samkvæmt 195. gr. hgl. Í báðum tilfellum var um héraðsdóma að ræða og var sakfellt í öðru málinu, en sýknað í hinu.

Átta dómar féllu í misneytingarmálum samkvæmt 196. gr. hgl. Þar af var fjórum málum lokið með héraðsdómi og var sýknað í þremur þeirra, en í einu málanna var ákærði í héraði dæmdur til að sæta vist á heimili eða sambýli (tilraunarbrott). Sakfellt var í fjórum málum í héraði og var þeim skotið til Hæstaréttar sem staðfesti héraðsdóm í öllum tilfellum og þyngdi refsingu í einu málinu (dómar í þremur málanna féllu árið 2003).

Þá féllu tveir hæstaréttardómar á árinu þar sem sakfellis dómar, sem fallið höfðu í lok ársins 2001, voru staðfestir.

Á árinu voru flutt 28 mál sem vörðuðu kynferðisbrot gegn börnum samkvæmt 200.-202. gr. hgl.

Fjórir dómar féllu í málum þar sem karlmenn voru ákærðir fyrir brot gegn 1. mgr. 200. gr. hgl. um kynferðisbrot, með því að hafa samræði eða önnur kynferðismök við barn sitt eða annan niðja. Þar af lauk einu málinu með héraðsdómi þar sem ákærði var sýknaður. Í þremur málanna var sakfelld í héraði og var sú niðurstaða staðfest í Hæstarétti (árið 2003).

Tveir dómar féllu í málum þar sem ákært var fyrir brot gegn 2. mgr. 200. gr. hgl. Í báðum málunum var sakfelld í héraði og var öðrum dómnum áfrýjað til Hæstaréttar sem staðfesti niðurstöðu héraðsdóms um sakfellingu (árið 2003).

Tveir dómar féllu í héraði þar sem ákært var fyrir brot gegn 1. mgr. 201. gr. hgl. og var báðum dómunum áfrýjað til Hæstaréttar. Í öðru málinu var sakfelld í héraði og sú niðurstaða staðfest með dómi Hæstaréttar. Í hinu málinu var ákærði sýknaður í héraði en með dómi Hæstaréttar, sem féll árið 2003, var héraðsdómur ómerktur og málinu vísað heim í hérað.

Einn héraðsdómur féll á árinu þar karlmaður var sakfelldur fyrir brot gegn 2. mgr. 201. gr. hgl. en hann var ákærður fyrir kynferðislega áreitni gagnvart tveimur súlum, sem hann kenndi íþróttir.

Ellefu dómar féllu í málum þar sem ákært var fyrir brot gegn 1. mgr. 202. gr. hgl. fyrir samræði eða önnur kynferðismök við börn yngri en 14 ára. Sakfelld var í sjö málum í héraði og þar af var fjórum skotið til Hæstaréttar sem staðfesti niðurstöðu héraðsdóms (tveir dómanna féllu árið 2003). Sýknað var í fjórum málum og var einu málanna skotið til Hæstaréttar sem ómerkta héraðsdóm (árið 2003).

Þá féllu sex dómar þar sem ákært var fyrir brot gegn 2. mgr. 202. gr. hgl. um kynferðislega áreitni gagnvart börnum yngri en 14 ára. Sakfelld var í þremur málanna en sýknað í hinum þremur.

Jafnframt féllu dómar í tveimur málum þar sem ákært var fyrir brot gegn bæði 1. og 2. mgr. 202. gr. hgl. og var sakfelld í héraði í báðum málunum. Málunum var áfrýjað til Hæstaréttar og var niðurstaða héraðsdóms staðfest í öðru málanna en ákærði sýknaður í hinu tilfellinu.

Börn komu einnig við sögu í nokkrum þeim málum sem flutt voru vegna brota gegn blygðunarsemi samkvæmt 209. gr. hgl. Auk þess var ákært í sex málum sem vörðuðu vörslur á barnaklámi samkvæmt 4. mgr. 210. gr. hgl. Dómar eða viðurlagaákvörðanir sem eru ígildi dóma gengu í ellefu málum sem vörðuðu brot gegn blygðunarsemi og í fimm málum sem vörðuðu klám.

Á árinu féllu átta dómar í málum þar sem ákært var fyrir brot gegn blygðunarsemi samkvæmt 209. gr. hgl, þar af lauk fjórum málanna með héraðsdómi og var sakfelld í öllum málanna.

Í einu máli var fallið frá þeim lið ákæru sem laut að broti á 209. gr. hgl.

Þrjú dómar féllu í Hæstarétti og var sýknað í öllum málunum, en í tveimur þeirra hafði verið sakfelld í héraði. Að auki lauk þremur málum með viðurlagaákvörðun fyrir héraðsdómi.

Tveir héraðsdómar féllu þar sem sakfelld var fyrir útbreiðslu kláms. Þá gengu tveir héraðsdómar þar sem sakfelld var fyrir vörslur barnakláms og loks var viðurlagaákvörðun beitt í einu slíku máli.

Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs

Húsbrot samkvæmt 231. gr. hgl. og hótunarbrot samkvæmt 233. gr. laganna falla undir málhöfðunarheimild lögreglustjóra samkvæmt e-lið 3. mgr. 27. gr. laga um meðferð opinberra mála. Allt að einu ákærði ríkissaksóknari í þremur málum á árinu sem vörðuðu húsbrot, en í þeim málum var einnig ákært fyrir önnur hegningarlagabrot sem falla undir málhöfðunarheimild ríkissaksóknara.

Ríkissaksóknari ákærði í einu máli sem varðaði hótanir þar sem ákærða var gert að sök að hafa sent tölvupóstskeyti á netfang sendiráðs Bandaríkjanna á Íslandi, með hótun um að sprengja myndi samdægurs springa í sendiráðinu og að hann myndi drepa alla Bandaríkjamenn á Íslandi. Með dómi héraðsdóms var ákvörðun um refsingu frestað skilorðsbundið.

Rán og önnur auðgunarbrot

Á árinu voru 24 ákærðir í tíu málum fyrir rán samkvæmt 252. gr. hgl. Öllum málunum lauk með héraðsdómi. Sýknað var í tveimur málum, en sakfelldur í hinum átta. Í fjórum málanna var veist að afgreiðslustúlkum í söluturnum eða verslunum og í tveimur málanna voru brotþolar pizzusendlar. Í sumum málanna var brotþolum hótað með vopnum, s.s. með loftbyssu, hjólabretti, hafnaboltakylfu og járnörri.

Ákært var í tveimur málum fyrir fjárdrátt í opinberu starfi samkvæmt 247. gr., sbr. 138. gr. hgl. Annað málið varðaði hafnarvörð sem var gert að sök að hafa dregið sér og nýtt í eigin þágu fé hafnarsjóðs. Hitt málið varðaði ákæru á hendur starfsmanni Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, fyrir að hafa dregið sér fé sem þóknun fyrir vöru sem hann afhenti starfsmanni söluturns.

Þá var karlmaður, sem skipaður hafði verið lögráðamaður aldraðrar konu, ákærður fyrir brot gegn 247. gr. hgl., með því að hafa dregið sér fé frá henni.

Einnig var ákært í þremur málum fyrir hylmingu samkvæmt 254. gr. hgl.

Brot gegn valdstjórninni

Ákært var í fjórtán málum fyrir brot gegn valdstjórninni og lauk þeim öllum með héraðsdómi. Sakfelldur var í átta málum og þremur málum var lokið með viðurlagaákvörðun. Sýknað var í tveimur málum og sýknað að hluta í einu máli. Algengar verknaðaraðferðir voru högg í andlitið, skallar, spörk og bit. Í flestum tilfellum var um minni háttar áverka að ræða en í einu tilfalli hlaut lögreglumaður m.a. heilahristing við það að ákærði sparkaði í höfuð hans.

Umferðarlagabrot. Umferðarslys.

15 dómar féllu í Hæstarétti á árinu í málum vegna umferðarlagabrota, þar af sjö dómar vegna ölvunaraksturs.

Þá féllu tveir dómar í Hæstarétti þar sem ákært var fyrir líkamsmeiðingar og/eða manndráp af gáleysi samkvæmt 215. gr. og 219. gr. hgl. auk brota á umferðarlögum.

M. 003-01-21. Kona hlaut alvarlega líkamsáverka er bifreið, sem hún var farþegi í, valt utan vegar. Ökumaðurinn A var ákærður fyrir líkamsmeiðingar af gáleysi, auk umferðarlagabrota. Hann var sakfelldur í héraði fyrir brot gegn 219. gr. hgl. auk brota gegn umferðarlögum. Dómur Hæstaréttar var uppkveðinn 14. mars 2002 í málinu nr. 453/2001. Þar sagði að ákærði hefði lýsti aðdraganda slyssins svo, að hann hefði brennt sig er hann missti logandi sígarettu milli læra sinna og hefðu viðbrögð hans verið þau að kippa í stýri bifreiðarinnar sem við það hefði þá farið yfir á öfugan vegarhelming og þaðan út af veginum. Ekkert væri komið fram í málinu um að A hefði ekið of hratt eða óvarlega miðað við aðstæður og varð því að leggja frásögn A til grundvallar. Gegn neitun A þótti ósannað að slysið yrði

rakið til gáleysis hans. Var hann því sýknaður af broti gegn 219. gr. hgl. og með vísan til 78. gr. hgl. var honum ekki gerð sérstök refsing fyrir brot gegn 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

M. 033-01-23. S var gefið að sök að hafa ekið hópbifreið, með 30 farþega innanborðs, of hratt miðað við aðstæður og án nægjanlegrar aðgæslu, inn á einbreiða brú með þeim afleiðingum að bifreiðin fór út af brúnni og valt ofan í ána. Við þetta köstudust farþegarnir til inni í bifreiðinni og urðu 11 þeirra fyrir líkamstjóni og einn lést af völdum áverka. Litið var til þess að vegurinn að brúnni var nýheflaður og laus í sér og hefði því þurft að gæta sérstakrar varúðar. Þá kom fram að S hafði ekki haft mikla reynslu í akstri hópferðabifreiða áður en slysið varð og þekkti ekki veginn eða umrædda brú. Var litið svo á að þetta hefði kallað á aukna aðgæslu af hans hálfu. Í ljós var leitt að bifreiðin kom skökk inn á brúna og að hægri afturhjólabarðinn lenti á brúarstólpa svo að hún kastaðist til og valt út af brúnni. Ljóst þótti að S hefði ekki haft fullt vald á bifreiðinni er hann kom að brúnni, og þótti sannað að hann hefði ekið of hratt og ógætilega miðað við aðstæður svo að það varðaði við umferðarlög. Þar sem mannsbani og líkamstjón hlaust af akstri ákærða var hann einnig talinn hafa unnið til refsingar samkvæmt 215. og 219. gr. hegningarlaga. Var S dæmdur í 30 daga skilorðsbundið fangelsi og til sviptingar ökuréttar í 6 mánuði.

Skatta- og efnahagsbrot

Tveir dómar féllu í Hæstarétti á árinu sem vörðudu vanskil á virðisaukaskatti, þar af varðaði annað málið einnig brot gegn lögum um bókhald. Í báðum tilfellum staðfesti Hæstiréttur sakfellingardóma í héraði.

Þá var alþingismaður, ákærður í 27 töluliðum fyrir fjárdrátt, rangar skýrslur til yfirvalda, mútuþægni og umboðssvik í opinberu starfi. Jafnframt voru B og GH sakaðir um mútur og GH, SA og B um hlutdeild í umboðssvikum Á. Með dómi héraðsdóms uppkveðnum 3. júlí 2002 var ákærða gert að sæta fangelsi í 15 mánuði, en aðrir ákærðu voru sýknaðir. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar og féll dómur þar í febrúar 2003. Með dómi Hæstaréttar var Á sakfelldur fyrir fleiri brot en í héraðsdómi en með vísan til þess að hann hefði látið af starfi alþingismanns vegna málsins og gengist greiðlega við hluta þeirra sakargifta sem hann var borinn, var refsing hans ákveðin fangelsi í tvö ár. Þá var GH sakfelldur fyrir þau brot sem hann var ákærður fyrir og gert að sæta fangelsi í þrjá mánuði, en niðurstaða héraðsdóms um sýknu B, SA og T var staðfest.

Annað

Af öðrum málum sem ríkissaksóknari flutti á árinu má nefna mál sem varðaði fiskveiðilagabrot, sem dæmt var í Hæstarétti 20. mars 2003. Í málinu var ákært fyrir brot gegn lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, lögum um umgengni við nytjastofna sjávar og lögum um stjórn fiskveiða, en ákærðu héldu til veiða án aflaheimilda. Með dómi héraðsdóms sem Hæstiréttur staðfesti með vísan til forsendna var um stjórnskipulegt gildi ákvæða laga um stjórn fiskveiða vísað til dóms Hæstaréttar, sem kveðinn var upp 6. apríl 2000. Ákærðu voru dæmd til að greiða 1.000.000 kr. sekt til ríkissjóðs.

Á árinu voru fjórir menn ákærðir fyrir brot á 4. mgr. 220. gr. hgl., með því að stofna lífi og heilsu annarra í augljósan háska. Sakfelld var í öllum málunum og lauk þeim með héraðsdómi (þar af féllu héraðsdómar í þremur málanna á árinu 2003).

Þá gengu átta héraðsdómar í málum vegna rangra sakargifta en einkum var um að ræða mál þar sem ökumenn sem lögregla hafði afskipti af vegna umferðarlagabrota gáfu upp nöfn annarra.

Þá voru þrír menn ákærðir fyrir að hafa smánað erlenda þjóð og erlent ríki opinberlega samkvæmt 95. gr. hgl. með því að varpa bensínsprengju á aðsetur bandaríska sendiráðsins og sendiherrans í Reykjavík. Þeir voru sakfelldir með dómi Hæstaréttar en höfðu verið sýknaðir í héraði.

5. Fallið frá saksókn

Fallið var frá saksókn í alls 9 málum á árinu. Tvö þeirra vörðuð brot gegn ákvæðum almennra hegningarlaga um gabb og hótanir. Um var um að ræða sama einstakling sem hafði tilkynnt Neyðarlínu um sprengjur í danska og kínverska sendiráðinu. Fyrir lá álit læknis um að viðkomandi ætti við geðsjúkdóm að stríða og var fallið frá saksókn með vísan til b. og f. liðar 2. mgr. 113. gr. laga um meðferð opinberra mála (oml.).

Þá var í tveimur málum um að ræða gabb, þar sem hringt hafði verið í Neyðarlínu og beðið um aðstoð án þess að það ætti við rök að styðjast. Í öðru málinu var fallið frá saksókn með vísan til b. liðar 2. mgr. 113. gr. oml. en í hinu með vísan til f. liðar sömu málsgreinar.

Í einu máli var fallið frá saksókn vegna brots gegn valdstjórninni með vísan til b. liðar 2. mgr. 113. gr. oml., en fyrir lá að viðkomandi, sem hafði vopnaður skrufjárnnum ráðist að lögreglumönnum, var haldinn geðsjúkdómi.

Fallið var frá saksókn í máli sem varðaði rangar sakargiftir og brot gegn vopnalögum og jafnframt í máli sem varðaði tilraun til brennu. Í

báðum málunum lágu fyrir gögn um andlega vanheilsu hinna brotlegu og grundvallaðist niðurfelling saksóknar á b. lið 2. mgr. 113. gr. oml.

Þá varðaði eitt mál brot gegn lögum um pósthjónustu og var fallið frá saksókn með vísan til a. og f. liðar 2. mgr. 113. gr. oml.

Ennfremur var fallið frá saksókn í máli þar sem viðkomandi þótti hafa gerst sekur um umboðssvik með vísan til f. liðar 2. mgr. 113. gr. oml., en höfð var hliðsjón af því að viðkomandi hafði verið vikið úr starfi m.a. vegna ávirðinga sem fólust í umboðssvikabrotinu.

Loks var fallið frá saksókn á grundvelli c-liðar 2. mgr. 113. gr. oml. í máli þar sem skipverji á íslensku skipi sem lá í þýskri höfn féll niður skorsteinshús, en við rannsókn slyssins fann lögregla tösku sem innihélt 16 kg af hassi og var talið að skipverjinn hefði verið að koma henni fyrir í skorsteinshúsinu er hann féll. Skipverjinn slasaðist mikið og er óvíst um batahorfur hans.

6. Erlent samstarf

Fundur ríkissaksóknara Norðurlanda

Árlegur fundur ríkissaksóknara Norðurlanda var haldinn í Reykjavík í ágúst 2002. Fjallað var um refsiframkvæmd og nýmæli í refsiréttar- og réttarfarslögjöf, auk þess sem farið var yfir mál sem varða framkvæmd ákærvalds á Norðurlöndum. Þá var rætt um sjálfstæði ákærvaldsins, saksóknargæði, norrænt samstarf á vettvangi Evrópusamstarfs og evrópska handtökuskipun.

Samstarf ríkissaksóknara Eystrasaltslandanna

Ríkissaksóknarar Norðurlanda taka þátt í samstarfi ríkissaksóknara Eystrasaltslandanna, sem ætlað er að styrkja réttarsamstarf á landsvæðinu. Ríkissaksóknararnir funda árlega og var fundurinn árið 2002 haldinn í Vilnius í júní. Fundarefni var staða og hlutverk ákærvalds innan réttarkerfisins.

Ríkissaksóknararnir hafa skipað starfshópa um ýmis málefni. Ríkissaksóknari Íslands á fulltrúa í starfshópum um framsal og réttaraðstoð, um umhverfisbrot og um mansal.

Evrópuráðið

Ríkissaksóknarar ríkja sem eiga aðild að Evrópuráðinu funduðu í Ljubljana í Slóveníu í maí. Á fundinum var rætt um tengsl saksóknara og dómstóla, siðferði og ábyrgð saksóknara, alþjóðlega réttaraðstoð og sérhæfingu við saksókn mála er varða skipulagða glæpahringi (anti-mafia cases).

Ríkissaksóknari á fulltrúa í sérfræðingahópi Evrópuráðsins um varnir gegn spillingu, Group of States against Corruption (GRECO).

Alþjóðasamtök saksóknara

Ríkissaksóknari er í Alþjóðasamtökum saksóknara, International Association of Prosecutors (IAP). Samtökin voru stofnuð í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í Vín árið 1995 og er skrifstofa þeirra í Haag. Samtökin eiga áheyrnarfulltrúa á fundum Evrópuráðsins sem varða málefni ákærvaldsins og á fundum efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC). Þau standa árlega fyrir ráðstefnum, fundum og námskeiðum um refsiréttar- og réttarfarsmálefni. Þá gefa samtökin út ritröð, verklagsreglur um rannsókn og saksókn í tilteknum brotaflokkum.

Árleg ráðstefna samtakanna var haldin í London í september. Fundarefni var: "The Threat of Global Crime: Trafficking in Humans, Drugs and Money".

Samstarfssamningur ríkissaksóknara á Norðurlöndum um yfirtöku saksóknar

Samstarfssamningur ríkissaksóknara á Norðurlöndum um saksókn í öðru ríki Norðurlanda en því, sem brot hefur verið framið í hefur gilt frá árinu 1972. Í samningnum felst að saksókn vegna brots sem framið hefur verið í einu ríki Norðurlanda getur farið fram í öðru ríki Norðurlanda, ef hinn grunaði er búsettur eða dvelst í því ríki.

Ríkissaksóknari yfirtók saksókn í sjö málum, öllum frá Danmörku. Málin vörðuð meint umferðarlagabrot, áfengislagabrot, fíkniefnabrot, þjófnað og eignaspjöll.

Sex mál voru send til Norðurlanda með beiðni um yfirtöku saksóknar. Tvö til Danmerkur, tvö til Grænlands, eitt til Svíþjóðar og eitt til Noregs. Sakarefni voru líkamsárás, umferðarlagabrot og áfengislagabrot.

Beiðnir um framsal og réttaraðstoð

Í febrúar 2002 var krafist framsals íslensks ríkisborgara frá Hollandi vegna þriggja ákæra sem gefnar höfðu verið út á hendur honum fyrir stórfellt ávana- og fíkniefnalagabrot og gruns um aðild að fíkniefnalagabroti sem lögregla rannsakaði. Beiðnin var borin fram á grundvelli Evrópusamnings um framsal. Ákærði bar þýskt ríkisfang jafnframt hinu íslenska og hafði dvalist í Þýskalandi. Þýsk dómsmálayfirvöld höfðu synjað um framsal ákærða þar sem hann væri þýskur ríkisborgari. Jafnframt buðust þau til að yfirtaka saksókn í málinu. Áður en til þess kom fór ákærði úr landi og var handtekinn við komu til Hollands. Hann var framseldur til Íslands 2. janúar 2003 að gengnum dómi um að skilyrðum framsals væri fullnægt.

Lettneskur ríkisborgari var framseldur til heimalands síns að beiðni þarlendra dómsmálayfirvalda í febrúar. Kærði var grunaður um að vera valdur að dauða þriggja manna í Lettlandi, auk manndrápstilraunar og þriggja ránsbrota. Hinn 21. febrúar gekk dómur Hæstaréttar Íslands um að fullnægt væri skilyrðum til framsals. Var kærði framseldur í framhaldi af dómi Hæstaréttar, en framsal hans bundið því skilyrði að óheimilt væri að fullnægja dauðarefsingu gagnvart honum. Samkvæmt upplýsingum ríkissaksóknara Lettlands gekkst kærði við þeim brotum sem honum voru gefin að sök við lögregluyfirheyrslur. Þá játaði kærði einnig aðild að fleiri brotum, sem hann hafði ekki verið grunaður um. Kærði játaði sjö ránsbrot til viðbótar, sex líkamsmeiðingar og eitt manndráp. Manndráp og líkamsárásirnar framdi kærði í tengslum við innbrot og rán og í félagi með öðrum. Samkvæmt upplýsingum ríkissaksóknara Lettlands styðjast játningar kærða við framburð meðákærðu og vitna.

Nokkrum beiðnum erlendra dómsmálayfirvalda um skýrslutökur af vitnum og grunuðum búsettum hér á landi var vísað til lögreglustjóra í viðkomandi umdæmum. Í nóvember barst beiðni héraðssaksóknarans í Itzehoe í Þýskalandi um skýrslutökur af tveimur þýskum ríkisborgurum sem þá sátu í gæsluvarðhaldi hér á landi, en fíkniefni höfðu fundist í fórum þeirra við komu á Keflavíkurflugvöll. Þýskum lögreglumönnum var heimiluð nauðsynleg gagnaöflun hér á landi. Réttarbeiðnin tengdist lögreglurannsókn á umfangsmiklu fíkniefnamáli í Þýskalandi. Hafði fíkniefnum verið smyglað frá Þýskalandi víða um lönd, m.a. til Íslands. Rannsóknin leiddi til þess að hópur fólks var handtekinn snemma árs 2003 og telst málið upplýst.

7. Löggjafarmálefni:

Almenn hegningarlög.

Með lögum nr. 14/2002, sem tóku gildi 3. apríl, voru gerðar tvennar breytingar á XXII. kafla laganna. Samkvæmt 3. mgr. 202. gr. ná aldursmörk nú til 18 ára aldurs í stað 16 ára.

Þá var refsing þyngd fyrir innflutning eða vörslu barnakláms, sbr. 1. málslíð 4. mgr. 210. gr. hgl., sem einungis hafði varðað sektum, og varðar nú allt að tveggja ára fangelsi ef brot er stórfellt.

Með lögum nr. 56/2002, sem tóku gildi 14. maí, var bætt nýrri málsgrein við 95. gr. hgl. til að uppfylla skuldbindingar samkvæmt Vínarsamningi um stjórn málasamband sem hefur lagagildi hérlendis skv. 1. gr. laga nr. 16/1971. Ákvæðinu er ætlað að veita aukna refsivernd fyrir ógnun eða valdbeitingu gagnvart erlendum sendierindrekum hér á landi svo og fyrir eignaspjöllum sem unnin eru á sendiráðssvæði eða hótunum um að fremja slík eignaspjöll. Brotin varða sektum eða fangelsi allt að 2 árum. Ef sakir eru miklar getur brot varðað fangelsi allt að 6 árum.

Með lögum nr. 70/2002, sem tóku gildi 17. maí, voru gerðar nokkrar breytingar á hgl. til að uppfylla skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt þremur alþjóðasamningum til að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi í siglingum á sjó, gegn öryggi botnfastra mannvirkja á landgrunninu og fyrir háttsemi er greinir í samningi um vörslu kjarnakleyfra efna. Reglur hgl. um refsilögsögu voru rýmkaðar með því að tölulíðum 13. - 15. var bætt við 6. gr. laganna. Jafnframt var nýjum málslíðum bætt við 2. mgr. 165. gr. og 1. mgr. 168. gr. hgl. Samkvæmt nýju ákvæði, 169. gr. a., varða brot fangelsi allt að 16 árum ef slík brot hafa í för með sér almannahættu.

Með lögum nr. 99/2002, sem tóku gildi 31. maí, voru gerðar breytingar til að uppfylla skuldbindingar íslenska ríkisins skv. þremur alþjóðasamþykktum á vegum Sameinuðu þjóðanna gegn hryðjuverkum. Reglur um refsilögsögu voru rýmkaðar, með því að bætt var tölulíðum 16. og 17. við 6. gr. hgl. Auk þess var þremur nýjum greinum bætt við lögin, 100. gr. a - 100. gr. c. Samkvæmt þessum ákvæðum skal refsa fyrir hryðjuverk með allt að ævilöngu fangelsi, allt að 10 ára fangelsi varðar að fjármagna hryðjuverkastarfsemi og allt að 6 ára fangelsi að styðja með öðrum hætti við slíka starfsemi.

Með sömu lögum var sú breyting gerð á lögum nr. 144/1998, sem nú heita lög um refsíabyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna og hryðjuverka, að hafi brot gegn 100. gr. a - 100. gr. c. hegningarlaga verið framin í starfsemi lögaðila er heimilt að gera lögaðilanum fésekt.

Á árinu 2003 voru engar breytingar gerðar á lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Barnaverndarlög nr. 80/2002.

Samkvæmt 36. gr. laganna, sem tóku gildi 1. júní 2002, á Barnaverndarstofa rétt til upplýsinga úr sakaskrá um menn sem hlotið hafa refsídóm fyrir kynferðisbrot gegn einstaklingum yngri en 18 ára. Ef Barnaverndarstofa óskar þess, skal ríkissaksóknari láta henni í té afrit dóma í slíkum málum.

Pá eiga yfirmenn skóla, leikskóla, sumardvalarheimila, íþrótt- og tómsbundamiðstöðva og annarra slíkra stofnana eða staða þar sem börn koma saman eða dveljast um lengri eða skemmri tíma rétt til upplýsinga úr sakaskrá um hvort umsækjandi um störf á þeirra vegum hafi hlotið dóm fyrir kynferðisbrot gegn börnum, ef umsækjandi veitir samþykki sitt til þess.

Refsiréttarnefnd:

Ríkissaksóknari á sæti í refsiréttarnefnd dómsmálaráðherra. Hlutverk nefndarinnar er að veita ráðherra álit um málefni á sviði refsiréttar, semja lagafrumvörp á sínu sviði og gæta að því að samræmis sé gætt í setningu laga og reglna.

Umsagnir um lagafrumvörp.

Árið 2002 gaf ríkissaksóknari umsögn um eftirgreind lagafrumvörp, sem bárust embættinu frá allsherjarnefnd alþingis, nema annars sé getið.

- Umsögn frá 27. febrúar um frumvarp til laga um útlendinga, 344. mál
- Umsögn frá 5. mars um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum og lögum um refsíábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns (hryðjuverk), 427. mál.
- Umsögn frá 8. mars um frumvarp til barnaverndarlaga, 318. mál. Frumvarpið barst frá félagsmálanefnd alþingis.
- Umsögn frá 11. mars um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum og lögreglulögum, 494. mál.
- Umsögn frá 3. apríl um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 19, 1991 um meðferð opinberra mála, 265. mál, áfrýjunarréttur, fjölskipaður dómur.
- Umsögn frá 4. apríl um frumvarp til laga um almenn hegningarlög, 491. mál, reynslulausn.

- Umsögn frá 19. nóvember um frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki, 215. mál.
- Umsögn frá 13. desember um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, 353. mál, brot í opinberu starfi.

8. Starfsmenn ríkissaksóknara

Starfsmenn við embætti ríkissaksóknara voru þann 31. desember 2002:

Bogi Nilsson, ríkissaksóknari

Bragi Steinarsson, vararíkissaksóknari

Sigríður Jósefsdóttir, saksóknari

Ragnheiður Harðardóttir, saksóknari

Sigríður Friðjónsdóttir, saksóknari

Jón Erlendsson, fulltrúi

Kolbrún Sævarsdóttir, fulltrúi

Fimm starfsmenn voru á skrifstofu embættisins:

Bjarnfríður Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri

Guðmundur Arnfinnsson, sakaskrárritari

Þorgerður Þórdís Haraldsdóttir, málaskrárritari, sem gegnir hálfu starfi

Jenný Heiða Björnsdóttir, ritari

Anna Matthildur Axelsdóttir, ritari

Samkvæmt framangreindu voru 12 starfsmenn við embætti ríkissaksóknara þann 31. desember s.l., 8 konur og 4 karlar, í ellefu og hálfu starfi.